

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017,
Selbrekka, Egilsstöðum.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. apríl 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði í Selbrekku stækkar til austurs og norðurs um 1,5 ha og verður 11,4 ha í stað 9,9 ha. Einnig er veltenging inn á íbúðarsvæðið frá Norðfjarðarvegi felld út.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótaldalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 15. apríl 2005.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.